

## ÚRSKURÐUR

Áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 15/1996

Ofnasmiðjan hf.

gegn

samkeppnisráði

### I.

Með bréfi dags. 15. nóvember 1996, er barst áfrýjunarnefnd 18. nóvember s.á., hefur Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl., fyrir hönd Ofnasmiðjunnar hf. kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 34/1996 frá 18. október 1996. Í ákvörðuninni er áfrýjanda bannað að auglýsa eða kynna „Pergo“ sem „parket“ þar sem það sé villandi.

Áfrýjandi krefst þess að ofangreind ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að áfrýjanda sé heimilt að auglýsa og kynna gólfefnið sem Pergo-parket.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðunin verði staðfest.

### II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 11. apríl 1996, barst Samkeppnisstofnun kvörtun frá Parkethúsinu hf. vegna auglýsingar frá áfrýjanda. Í þeirri auglýsingu kom fram eftirfarandi texti: „Alvöru parket fyrir lifandi fólk, ...eik og beyki“. Í kvörtuninni kom fram að gólfefni það sem þarna væri auglýst væri ekki viðargólf og því ekki eik eða beyki.

Samkeppnisstofnun sendi kvörtunina til umsagnar hjá áfrýjanda og barst sú umsögn með bréfi dags. 3. maí 1996. Bréf áfrýjanda var sent Parkethúsinu hf. til umsagnar og komu þeir fram með athugasemdir í bréfi, dags. 15. maí s.á.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir upplýsingum frá Konsumentverket í Svíþjóð, þar sem Pergo er framleitt í Svíþjóð. Þá var leitað til Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málstöðvar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um skilgreiningu á orðinu „parket“.

Kvörtun Parkethússins hf. var rædd á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, þann 30. maí 1996. Niðurstaða nefndarinnar var sú að notkun áfrýjanda á orðinu „Pergo parket“ teldist villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga. Niðurstaðan var kynnt áfrýjanda og jafnframt beint þeim tilmælum til áfrýjanda að hætta að nota orðið „parket“ yfir Pergo.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 12. júní 1996, lýsti lögmaður áfrýjanda sjónarmiðum umbjóðanda síns. Með bréfinu fylgdu ljósrit úr orðabókum, bæklingur frá Perstorp Flooring, íslensk þýðing úr framangreindum bæklingi, yfirlýsing starfsmanns Perstorp um uppbyggingu Pergo og kynning Húsasmiðjunnar á Scandic parketi.

Málið var tekið fyrir að nýju á fundi auglýsinganefndar þann 19. júní 1996. Nefndin samþykkti að leggja til við samkeppnisráð að áfrýjanda verði bannað að auglýsa Pergo gólfefni sem „parket“. Niðurstaðan var send áfrýjanda sem var gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum.

Með bréfi, dags. 16. júlí 1996, bárust frekari athugasemdir frá lögmanni áfrýjanda.

Samkeppnisstofnun leitaði til orðanefndar Arkitektafélags Íslands með bréfi, dags. 29. ágúst 1996, og fór þess á leit að nefndin skilgreindi hvaða eiginleikum gólfefni þurfa að búa yfir til að mega kallast „parket“. Svar orðanefndarinnar barst með bréfi, dags. 23. september 1996, og var skilgreining nefndarinnar send áfrýjanda til umsagnar. Svar lögmanns áfrýjanda barst með bréfi, dags. 10. október 1996.

Á fundi samkeppnisráðs þann 18. október 1996 var tekin ákvörðun í máli þessu. Í ákvörðunarorðum segir m.a.:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Ofnasmiðjunnar hf., Háteigsvegi 7, Reykjavík, að auglýsa eða kynna Pergo sem „parket“ þar sem það sé villandi.“

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

### III.

Áfrýjandi bendir á að mistök hafi verið gerð við auglýsingu þá er upphaflega var kært vegna. Í stað orðsins „gólfefni“ var notað orðið „parket“. Mistakanna hafi verið vart fyrst nú í haust. Áfrýjandi segir að ekki hafi verið ætlunin að auglýsa gólfefnið sem „alvöru parket“ enda telji hann það einungis eiga við um gegnheilt stafagólf. Áfrýjandi telur því ljóst að auglýsing sú sem kært var vegna hafi ekki verið með vitund og vilja birt með þessu orðalagi.

Áfrýjandi mótmælir því að hann hafi veitt rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum sínum um Pergo gólfefni. Gólfefnið hafi verið auglýst og selt sem viðargólf og fyrir það sé hérlendis, eins og áður segir, notað samheitið „parket“. Almennt sé orðið „parket“ talið standa fyrir gólfklæðningu úr viði, ýmist gegnheilum eða spónlögðum og að spónaparket hafi verið auglýst um árabíl undir heitinu „parket“. Áfrýjandi segir að ekki sé gerð krafa um að yfirborð gólfefnis sé með útlit trjáviðar, heldur að gólfefnið sé gert úr náttúrulegum við. Sú staðhæfing að gólfefni þurfi að vera spónlagt með harðviðarspæni til að geta talist „parket“ geti ekki staðist þar sem furugólf sé talið falla undir skilgreininguna, en fura geti ekki talist harðviður. Áfrýjandi telur að ekki hafi verið sýnt fram á það á óyggjandi hátt að farið hafi verið með rangt mál í nefndri auglýsingu en ekki sé heimild fyrir því í 21. gr. samkeppnislaga að banna auglýsingar nema ljóst sé að farið hafi verið með rangt mál.

Þá telur áfrýjandi ljóst að öll gólfefni sem séu seld og auglýst undir heitinu „parket“ séu með yfirborðsefni sem auki slitþol viðarins. Ekki verði hinsvegar séð að yfirlagið geti breytt gerð gólfefnisins eða ráðið úrslitum um hvað megji kalla það. Þá skipti heldur ekki máli hvort unnt sé að slípa gólffjölinu við sliti enda sé á markaði gólfefni úr spónaplötum sem ekki sé unnt að slípa en kallist þó engu að síður „parket“.

Til vara krefst áfrýjandi þess honum verði heimilað að auglýsa og kynna umrætt gólfefni sem Pergo-parket. Með því að tengja orðið Pergo við hugtakið „parket“ sé skírskotað til sérstakra eiginleika gólfefnisins.

Áfrýjandi bendir á að eini munurinn á spónlögðu parketi og Pergo-parketi sé yfirborðið. Spónaparket sé lakkað með glæru lakki og sjáist þannig viðarflögurnar í gegn en Pergo-parket sé lagt slitsterku yfirborðsefni með útliti trjáviðar.

Að mati áfrýjanda eru ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar þess eðlis að útilokað sé að átta sig á hvernig þau skuli framkvæmd. Engar leiðbeiningar séu um það hvernig áfrýjandi geti auglýst gólfefni sitt án þess að það teljist brjóta gegn 21. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi hafi síðastliðin 10 ár markaðssett gólfefnið sem parket og það sé nú alþekkt sem Pergo-parket.

Þá telur áfrýjandi að líta beri til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga í þessu máli. Önnur firmu sem selji viðargólf og sambærileg gólfefni hafi kynnt gólfefni sín sem spónaparket, spónlögð parket og plast parket án þess að við það hafi verið gerð athugasemd.

Að lokum kveðst áfrýjandi hafa lagt á það áherslu að upplýsa kaupendur um gerð gólfefnisins. Pergo hafi alltaf verið kynnt sem sérstök hönnun á „parketi“ þ.e. Pergo-parket. Notkun annars orðs en „parket“ gæti verið misvísandi og villandi að mati áfrýjanda.

Samkeppnisráð telur að notkun áfrýjanda á heitinu „parket“ sé villandi þar sem að gólfefni það er þeir selji sé ekki „parket“. Þessa niðurstöðu sína byggir samkeppnisráð m.a. á skilgreiningu orðanefndar Arkitektafélags Íslands á orðinu og þeirri staðreynd að ekki sé unnt að slípa það við slit. Þá telur samkeppnisráð ekki rétt að hefð sé fyrir því hér á landi að nefna trégólf „parket“. Talsmaður samkeppnisráðs hefur gefið frekari skýringar fyrir áfrýjunarnefndinni en vísað er að öðru leyti til hinnar áfrýjuðu ákvörðunar um rökstuðning fyrir niðurstöðu samkeppnisráðs.

#### IV.

#### Niðurstöður.

Fram er komið að þann 11. apríl 1996 kvartaði Parkethúsið hf. yfir auglýsingu frá áfrýjanda í ríkissjónvarpinu þar sem fram kom svohljóðandi texti:

„Alvöru parket fyrir lifandi fólk...eik og beyki.“

Taldi kvartandi þessa auglýsingu villandi og ósanna. Samkeppnisráð tók kvörtun þessa til meðferðar og var kvörtunin fyrst send áfrýjanda, Ofnasmiðjunni hf., til umsagnar. Í bréfi áfrýjanda dags. 3. maí 1996 eru

sjónarmið fyrirtækisins skýrð með hliðsjón af fyrrgreindri auglýsingu en einnig er þar að finna lýsingu á efninu sjálfu og orðskýringu á heitinu „parket“. Bréf áfrýjanda var síðan sent kvartanda til umsagnar. Í svarbréfi hans var eingöngu tekið mið af þeirri auglýsingu sem getið var í upphaflegri kvörtun.

Ráðgjafanefnd samkeppnisráðs, auglýsinganefnd, ræddi kvörtunina og komst m.a. að þeirri niðurstöðu að notkun áfrýjanda á orðinu „Pergo parket“ teldist villandi. Var þessi niðurstaða kynnt áfrýjanda og jafnframt þeim tilmælum beint til fyrirtækisins að hætta að nota orðið „parket“ yfir Pergo.

Í niðurstöðum samkeppnisráðs segir að kvörtun Parkethússins snúi að því hvort villandi sé að kynna Pergo sem „parket“. Jafnframt segir að auglýsinganefndin hafi á tveimur fundum sínum komist að þeirri niðurstöðu að notkun áfrýjanda á orðinu „parket“ yfir Pergo væri villandi og í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga. Loks segir í ákvörðunarorðum samkeppnisráðs að áfrýjanda sé bannað að auglýsa eða kynna Pergo sem parket þar sem það sé villandi.

Miðað við það sem nú hefur verið lýst svo og önnur skjöl máls þessa er rétt að líta svo á að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 34/1996 frá 18. október 1996 feli aðeins í sér bann við því að auglýsa eða kynna Pergo sem „parket“ þegar orðið „parket“ kemur fyrir eitt og sér eins og í umræddri auglýsingu.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að við úrlausn máls þessa beri fyrst og fremst að hafa í huga almenna orðskýringu á orðinu „parket“ en jafnframt verði að líta til þeirrar framkvæmdar á auglýsingum undir þessu heiti sem viðgengist hafa um langan tíma m.a. í ýmsum samsetningum. Hér ber einnig að hafa í huga að ekki eru fyrir hendi viðurkenndir staðlar þar sem orðið „parket“ er skilgreint til hlítar. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til þeirra raka sem fram koma í hinni áfrýjuðu ákvörðun ber að staðfesta hana með þeim hætti að áfrýjanda er bannað að auglýsa eða kynna Pergo gólfefnið með orðinu „parket“ einu sér, án tenginga við önnur orð. Aðalkröfu áfrýjanda er því hrundið.

Af framansögðu leiðir að varakrafa áfrýjanda verður ekki tekin til greina þar sem samkeppnisráð hefur ekki tekið bindandi ákvörðun um það álitamál sem hún lýtur að. Ber að vísa henni frá áfrýjunarnefndinni.

V.

Úrskurðarorð.

Áfrýjanda, Ofnasmiðjunni hf., er bannað að auglýsa eða kynna Pergo með orðinu „parket“ einu sér.

Varakröfu áfrýjanda er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 30. desember 1996.

Stefán Már Stefánsson

Andri Árnason

Inga Jóna Þórðardóttir

Rétt endurrit staðfestir;

30/12 '96

*Ódu Vallimarsd.*